



Akureyrarbær

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Akureyri, 16. október 2020  
2020090366 01-730

**Efni: Umsókn frá Akureyrarbæ um undanþágu frá vinnsluskyldu í Hrísey vegna sérstakra aðstæðna.**

Með tilvísan í tölvupóst frá 11. september 2020 frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu sem fjallar um úthlutun byggðakvóta til byggðalaga og sérreglur sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta, sækir Akureyrarbær hér með um að undanþága verði veitt frá vinnsluskyldu í Grímsey vegna sérstakra aðstæðna.

Það er einbeittur vilji eigenda Hrísey Seafood að endurreisa vinnsluna sem er líklega það mikilvægasta sem hægt er að gera varðandi búsetu í eyinni. Framkvæmdin hefur dregist nokkuð, aðallega vegna samskipta við tryggingafélag fyrirtækisins og sér ekki enn fyrir endann á því máli. Félagið hafi fest kaup á fiskvinnsluhúsi í Hrísey sem var áður í eigu Byggðastofnunar. Þegar er hafin vinna við endurbætur á húsinu. Hluti þess var laus og þar var hægt að hefja framkvæmdir. Aðrir hlutar eru bundnir í leigusamningi til 1. mars á næsta ári. Vinnsla mun því líklega ekki hefjast fyrr en á miðju næsta ári. Það er því mikilvægt að veitt verði undanþága þar til ný fiskvinnsla Hrísey Seafood hefur tekið til starfa.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Sturludóttir  
bæjarstjóri